

FUNDARGERÐ

281. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 22. mars 2025 og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Ingvar Smári Birgisson, Aron Ólafsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Margrét Tryggvadóttir og Mördur Áslaugarson. Silja Dögg Gunnarsdóttir, Rósa Kristinsdóttir Þráinn Óskarsson og Kristján Ketill Stefánsson, í fjarveru Mörtu Guðrúnar Jóhannesdóttur, sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð. Hinrik Gunnarsson og Ingunn Hafdís Hauksdóttir endurskoðendur félagsins voru gestir fundarins.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

2. Samstæðureikningur Ríkisútvarpsins ohf. 2024

a. Samstæðureikningur 2024

Fjármálastjóri, Björn Þór Hermannsson, kynnti samstæðuársreikning RÚV fyrir árið 2024 sem var áritaður af endurskoðanda félagsins án fyrirvara.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu ársins 2024 námu rekstrartekjur samstæðunnar 9.149 m.kr. Tekjurnar jukust um 423 m.kr. milli ára eða 4,8% en að teknu tilliti til verðlagsþróunar þá lækkuðu tekjur um 1% að raunvirði milli ára. Rekstrargjöld námu 8.972 m.kr. og jukust um 730 m.kr. milli ára eða 8,9%. Laun- og launatengd gjöld námu 3.881 m.kr. og jukust um 195 m.kr. milli ára eða 5,3%. Að teknu tilliti til verðlagsþróunar lækkuðu launaútgjöldin milli ára. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 275 en frá miðju ári hefur stöðugildum verið fækkað sem hluta af hagræðingaraðgerðum félagsins. Annar rekstrarkostnaður, að frátöldum afskriftum, nam 4.582 m.kr. og jókst um 503 milljónir króna milli ára eða 12,3% en ríflega 6% að teknu tilliti til verðlagsþróunar. Aukning milli ára skýrist fyrst og fremst af gjaldfærslum vegna stórra íþróttaviðburða á árinu og kostnaðar í tengslum við eldsumbrotin á Reykjanesskaga og tvennra kosninga.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 365 m.kr. og lækkuðu um 113 m.kr. milli ára sem skýrist að stærstu leyti af lækkun verðbólgu milli ára og gengishagnaði á árinu.

Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða nam tap af rekstri RÚV samtals 188 m.kr. á árinu 2024 og versnaði afkoman um 194 milljónir króna milli ára.

Í árslok námu heildareignir 9.306 m.kr. og lækkuðu eignir félagsins um 170 m.kr. milli ára. Handbært fé stóð í stað milli ára í 12 m.kr. en skuldir við lánastofnanir námu einnig 12 m.kr. og lækkuðu um 141 m.kr. milli ára. Eigið fé í árslok nam 1.622 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 17,4% í árslok.

Markmið stjórnar hefur verið að rekstur RÚV sé ávallt yfirvegaður og hallalaus. Mikilvægt sé að tryggja að reksturinn sé sjálfbær til langs tíma litið. Í því felst að skuldsetning félagsins sé viðráðanleg og lausafjárstaðan með þeim hætti að félagið geti mætti óvæntum áföllum í rekstri. Skuldir RÚV hafa um árabil verið háar, m.a. vegna uppgjörs á eldri lífeyrisskuldbindingum. Þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir á undanförunum árum sem hafa leitt til lækunar skulda telur stjórn RÚV að félagið sé enn of skuldsett og mun halda áfram að leita varanlegra lausna á skuldsetningu þess.

SEO VAGNUR
MT
WFO
DÁZ
1313
RH
SDR
MGT
SEO

Á árinu 2024 náðist ekki markmið um hallalausán rekstur og nam tap á rekstri félagsins 188 m.kr. Taprekstur félagsins má að hluta rekja til þess að tekjur félagsins lækkuðu að raunvirði á milli ára en einnig til hárra gjaldfærslna vegna íþróttaviðburða og kostnaðar vegna kosninga og eldsumbrota. Á árinu var gripið til ýmissa ráðstafana til að bæta afkomu og sjóðstöðu innan ársins. Aðgerðirnar skiluðu meðal annars því að skuldir við lánastofnanir, að teknu tilliti til handbærs fjár, voru komnar í jafnvægi um áramót og nam viðsnúningurinn innan ársins 141 milljón króna. Þá var aðgerðunum enn fremur ætlað að stuðla að hallalausum rekstri á árinu 2025 og að sjóðstaða félagsins verði jákvæð í árslok 2025.

b. Skýrsla endurskoðenda

Hinrik Gunnarsson og Ingunn Hafdís Hauksdóttir endurskoðendur fóru yfir skýrslu endurskoðanda. Það var álit endurskoðanda félagsins að ársreikningurinn gefi skýra mynd af afkomu félagsins fyrir árið 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu. Jafnframt að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Vakin var athygli á í skýrslunni að sýningarréttir hafi hækkað um 84 m.kr. frá áramótum og að sama skapi hafi viðskiptaskuldir aukist um 153 m.kr. Veltufé frá rekstri lækki um 275 m.kr. samanborið við fyrra ár. Þá er veltufjár- og lausafjárhlutfall (án sýningarrétta) lágt og að öllu óbreyttu verði erfitt fyrir félagið að standa í skilum með skammtímaskuldir án þess að komi til aukningu skulda við lánastofnanir.

Að sögn stjórnenda skýrist hækkun sýningarréttar einkum af innkaupum á innlendu sjónvarpsefni fyrri part þessa árs. Í árshlutauppgjörinu hafi sýningarréttir til að mynda verið hærri en núna í ársuppgjörinu þar sem ekki voru gerðar nýjar samningsskuldbindingar á síðari hluta ársins og voru partur af hagræðingaraðgerðunum sem ráðist var í. Því hafi verið dregið verulega úr innkaupum á liðnu ári.

Samkvæmt stjórnendum var á síðasta ári gripið til ýmissa aðgerða til að bæta eftirfylgni með rekstri og sjóðstöðu félagsins. Í því fólst meðal annars að herða á eftirfylgni með birgðakaupum og samningsskuldbindingum og þá er unnið að því að styrkja áætlanagerðina fram á veginn. Mikilvægt sé að áfram verði unnið að þessu markmiði. Stjórn ákvað að halda vinnufund stjórnar um birgðabök og sýningarrétti síðar á þessu ári.

Endurskoðendur félagsins þökkðu fyrir gott samstarf við stjórnendur við endurskoðunina og þau hafi fengið ítarlega og góða upplýsingagjöf.

Stjórn RÚV samþykkti ársreikninginn með áritun sinni.

Fundi slitið.

Sjá
VAGN

Silja D. Gunnarsdóttir
hauksson

Ingvar Smári Bragsson

Alfa Arnalds Loeyja

Tangó T. Tangó
þórin Óskarsson

Rósa Kristmálková

MBT séð